



## Framtíð og rekstur Edinborgarhússins

Þann 22. maí 2019 sendi stjórn Edinborgarhússins ehf. bréf til bæjarráðs til upplýsinga um að tekin hafi verið sú ákvörðun að skera niður í rekstri hússins. Stærsti einstaki þátturinn í því var uppsögn rekstrar- og viðburðastjóra. Þá væri leitað leiða til að skapa öruggan rekstrargrundvöll fyrir húsið til lengri tíma litið svo það megi þjóna tilgangi sínum, eins og til var stofnað.

Bæjarráð bókaði á 1063. fundi sínum, þann 24. maí 2019, að bærstjóra væri falið að vinna með Edinborgarhúsinu að þríhliða samningi við ríkið um framlagt til menningarmiðstöðvarinnar.

Þann 27. nóvember 2019 sendi stjórn Edinborgarhússins ehf. skýrslu til bæjarráðs um rekstur og horfur Edinborgarhússins, þar sem fram kom viðkvæm fjárhagsleg staða hússins.

Á 1085. fundi bæjarráðs, þann 2. desember 2019, var skýrsla þessi lögð fram og bókað að bærstjóra væri falið að óska eftir viðræðum við ríkið um þríhliðasamning milli Ísafjarðarbæjar, menntamálaráðuneytisins og Menningarmiðstöðvarinnar Edinborgarhússins um rekstur og starfsemi menningarmiðstöðvarinnar.

Fyrrum bærstjóri sveitarfélagsins fylgdi þessu eftir með tölvupósti til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins með tölvupósti þann 11. desember 2019, þar sem óskað var eftir aðkomu ráðuneytisins með svipuðum hætti og varðandi sambærileg menningarhús á Austurlandi. Þannig yrði gerður þríhliða samningur milli Edinborgarhússins ehf., Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar um framlag til rekstrar hússins. Lagt var til að framlag ríkisins yrði greitt í gegnum Sóknaráætlun Vestfjarða og myndi framlag ríkisins til sóknaráætlunar hækka sem því næmi. Ísafjarðarbær myndi skuldbindi sig til að greiða sömu upphæð til Edinborgarhússins.

Vegna þessa var í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2020 gert ráð fyrir 4 milljóna króna framlagi til Edinborgarhússins. Þessi fjárhæð tók mið af því uppleggi að Menntamálaráðuneyti myndi leggja til sömu fjárhæð á móti. Á árinu 2020 hafa forsvarsmenn sveitarfélagsins ítrekað fundað með ráðuneyti og stjórn Edinborgarhússins, og hefur málið verið til umfjöllunar í bæjarráði með reglulegu millibili. Vonast var eftir því að með langtímasamningi, t.d. í gegnum sóknaráætlun, yrði rekstri Edinborgarhússins tryggður stöðugleiki og skipulagsöryggi til lengri tíma, en styrkir í gegnum samkeppnissjóði eru ótryggir. Niðurstaða liggur þó ekki fyrir varðandi fyrrgreint þríhliða samkomulag til lengri tíma.

Aftur á móti barst sveitarfélaginu bréf Mennta- og menningarmálaráðuneytis, dags. 10. desember 2020, þar sem sveitarfélaginu var tilkynnt að ákveðið hafi verið að veita 4,5 m.kr. viðbótarstyrk til Edinborgarhússins á Ísafirði til að styðja við erfiðan rekstur. Er styrkurinn greiddur í gegnum sveitarfélagið.

Stjórn Edinborgarhússins hefur verið tilkynnt um þetta, og er nú lagt til við bæjarráð að samþykka útgreiðslu kr. 4 m.kr. styrks til Edinborgarhússins, eins og ráðgert er á fjárhagsáætlun 2020.

Samtímis er lagt til að skilyrði styrks Ísfjarðarbæjar verði sá sami og skilyrði styrks ráðuneytisins, þ.e. að leggja fram greinargerð um endurskipulagningu fjárhags Edinborgarhússins og fjárhagsuppgjör ársins. Jafnframt skuli stjórn Edinborgarhússins leggja

fram tillögur að notkun hússins til framtíðar. Gert er ráð fyrir að gögn þessi berist við fyrsta tækifæri á nýju ári, en 20% styrks ráðuneytisins greiðist við afhendingu gagnanna.

Í kjölfar þessa skulu aðilar leita áfram leiða til að styrkja rekstrargrundvöll hússins til framtíðar, með von um framtíðaraðkomu ráðuneytisins í fjárhagslegum skilningi, á sambærilegan hátt og vegna annarra menningarhúsa á landinu.